Tillaga að ályktun „Stefnan er mörkuð“.

71. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, haldið á Patreksfirði 27.–28. október 2026, 2026 vekur athygli á að Vestfirðingar hafi með Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025-2050 markað sér skýra stefnu til ársins 2050. Nú stendur upp á ríkisvaldið að tryggja þær forsendur sem stefnan byggir á sem er greiðar samgöngur, öruggt raforkukerfi, öfluga nærþjónustu og stjórnsýslu sem tekur mið af aðstæðum í héraði.

Með staðfestingu svæðisskipulagsins á Kollabúðum 27. ágúst 2026 hafa öll sveitarfélög fjórðungsins sameinast um eina framtíðarsýn. Hún nær til náttúru og auðlinda, grunnkerfa, samfélags, atvinnulífs og menningar. Skipulagið var unnið í víðtæku samráði við íbúa og hagaðila, og sama framtíðarsýn liggur til grundvallar Sóknaráætlun Vestfjarða 2025–2029. Vestfirðingar hafa þannig lagt fram skýra og sameiginlega forgangsröðun. Hún getur nýst ríkinu jafnt sem sveitarfélögunum sem leiðarljós við ákvarðanatöku.

Vestfirðir eru í sókn. Íbúum hefur fjölgað og fjárfest er í fiskeldi, líftækni, orkuöflun og ferðaþjónustu. Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir að íbúar verði orðnir 11.000 árið 2050. Sá vöxtur er þó ekki sjálfgefinn. Landshlutinn stendur á krossgötum: annaðhvort verður meðbyrinn festur í sessi með fjárfestingu í innviðum eða hætta skapast á að hann snúist í mótbyr. Fjórðungsþing bendir á að ákvarðanir í fjárlögum, samgönguáætlun og skipulagi stjórnsýslunnar á næstu misserum ráða miklu um hvernig þróunin verður.

Fjórðungsþings bendir á að ríkissjóður er að fá verulega tekjuaukningu með gjaldtöku af fiskeldi, ferðaþjónustu og sjávarútvegi á Vestfjörðum. Þetta eru lykilatvinnugreinar samfélaga á Vestfjörðum sem eru nú vexti og því fullkomlega eðlileg krafa að þessi tekjuaukning ríkissjóðs komi viðbótar öðrum framlögum til uppbyggingu innviða og eflingar þjónustu á Vestfjörðum. Ekki síst með tilliti hárrar viðhaldsskuldar sem leitt hefur til mikils ójafnræðis á stöðu innviða og þjónustu á Vestfjörðum miðað við aðra landshluta og nauðsyn að hraða úrbótum á þeim sviðum til að jafna samkeppnisaðstöðu. Samkeppnisstaða sem um langan tíma hefur borið skaða af því að vera ekki hluti af þjóðvegi 1 og vera ekki hluti af hringtengingu flutningskerfis raforku, Byggðalínu. Hin hliðin á þessari tekjuaukningu ríkissjóðs eru áhrif á rekstur sveitarfélaga á Vestfjörðum og að hið opinbera fari ekki að ákvæðum sveitarstjórnarlögum og kanni til hlítar áhrif á rekstur þeirra áður en ákvarðanir eru teknar.

Fjórðungsþing lýsir því áhyggjum af því að í frumvarpi til fjárlaga 2027 eru framlög til nýframkvæmda og viðhalds vega 2,4 milljörðum króna lægri en samgönguáætlun gerir ráð fyrir. Jafnframt hafa verið kynnt áform um að fækka lögregluembættum úr níu í þrjú. Áður hafa sýslumannsembættin verið sameinuð og fleiri stofnanir ríkisins hafa verið sameinaðar eða stefnt að sameiningu þeirra. Hver ákvörðun fyrir sig kann að virðast smávægileg. Saman veikja þær þó stöðu Vestfjarða sem þó hefur sýnt að hann getur skilað verulegum verðmætum, landi og þjóð til heilla, fái hann til þess sanngjarnar forsendur.

Innviðir einir og sér duga þó ekki til. Fólk velur sér búsetu þar sem gott er að búa og gaman er að lifa. Því verða menning, heilbrigðisþjónusta, öflugt samfélag og samkeppnishæft húsnæði að fylgja með. Fjórðungsþing skorar á Alþingi og ríkisstjórn að taka mið af stefnu

Svæðisskipulags Vestfjarða við forgangsröðun fjármuna og verkefna og leggur áherslu á eftirfarandi tillögur.

Tillögur

A. Samgöngur – lífæð samfélagsins

a) Ekki verði skorið niður í verkefnum á Vestfjörðum vegna lækkunar framlaga til Vegagerðarinnar í fjárlögum 2027. Standa þarf við áætlanir og hefja verður lokaáfanga Vestfjarðavegar í Gufudalssveit með þverun Djúpfjarðar og framkvæmdum við Bíldudalsveg.
b) Innviðaráðuneytið hefji á árinu 2027 samstarf við virkjunaraðila Hvalárvirkjunar um endurbætur á Strandavegi til að þola þungaflutninga og atriði er varða almennt umferðaröryggi.
c) Undirbúningsrannsóknum jarðganga á Vestfjörðum verði hraðað svo forgangsraða megi framkvæmdum á grundvelli gagna.
d) Unnið verði að því að stofnvegir 60 og 61 verði hluti af þjóðvegi 1.
e) Vetrarþjónusta verði tryggð með fullnægjandi fjármögnun, þannig að þjónustustig standi undir þörfum íbúa og atvinnulífs allt árið.
f) Almenningssamgöngur innan og milli vinnusóknarsvæða verði efldar og áætlunarflug tryggt.

Rökstuðningur: Uppbygging Hvalárvirkjunar og flutningskerfis hennar, er síðan grundvallarforsenda fyrir framþróun samkeppnishæfs atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum. Virkjunin er í samræmi við stefnumörkun ríkisins í raforkumálum, loftlagsmálum og byggðamálum og við atvinnustefnu ríkisstjórnar.

Samgöngur eru síðan forsenda þess að íbúar sæki vinnu, nám og þjónustu og að fyrirtæki komi afurðum á markað. Á ungmennaþingi Vestfjarða í september 2026 settu um 40 ungmenni af öllum Vestfjörðum almenningssamgöngur efst á lista yfir forgangsmál. Án þess að komast á milli staða eru íþróttir, félagslíf og menning utan seilingar.

B. Raforkuöryggi – forsenda vaxtar

a) Fjórðungsþing ítrekar að virkjun Hvalár og tenging hennar við flutningskerfið eru forsenda þess að markmið um tvöfalda tengingu Vestfjarða árið 2030 náist.
b) Ríkið standi við sinn hluta, þar með talið nauðsynlegar vegabætur og flutningskerfi raforku sem tengjast virkjun Hvalár
c) Starfshópur innviðaráðuneytis, umhverfis- orku og loftslagsráðuneytis, Vegagerðarinnar, Landsnets og HS orku með aðild sveitarfélaga verði settur af stað til að samræma tímalínur og framkvæmdafé til að tryggja framgang Hvalárvirkjunar.
d) Gerðar verði breytingar á uppröðun verkefna innan Kerfisáætlunar 2025-2034 og þannig tryggt að orka frá Hvalárvirkjun nýtist frá fyrsta degi með tvítengingu á norðan og sunnanverðum Vestfjörðum.

Rökstuðningur: Stefnumörkun Alþingis um flutningsmál raforku og í drögum að endurskoðun þeirrar stefnu eru Vestfirðir tilgreindir sem forgangssvæði til úrbóta. Ótryggt aðgengi að raforku og raforkuskortur til nýrra verkefna er og hefur verið ein helsta

aðgangshindrun fyrir fjárfestingu á Vestfjörðum. Orkuskipti í atvinnulífi og samgöngum verða ekki að veruleika án öruggs flutningskerfis. Stefnumörkun og markmið Svæðisskipulags Vestfjarða styðja við áætlanir stjórnvalda og greiða leið þeirra í gegnum skipulagsferla.

C. Samkeppnishæft húsnæði – forsenda fólksfjölgunar

a) Stjórnvöld komi að lausnum þar sem byggingarkostnaður er hærri en markaðsverð, meðal annars með stofnframlögum og hvötum til uppbyggingar leiguhúsnæðis.
b) Sveitarfélög samræmi skipulag og húsnæðisáætlanir og tryggi nægt framboð lóða fyrir fjölbreytt húsnæði.
c) Húsnæðisuppbygging haldist í hendur við atvinnuuppbyggingu, svo vöxtur fyrirtækja stöðvist ekki á húsnæðisskorti.

Rökstuðningur: Skortur á húsnæði og misræmi milli byggingarkostnaðar og markaðsverðs hefur hamlað þróun byggðar, eins og fram kemur í svæðisskipulaginu. Lágt leiguverð dregur jafnframt úr forsendum til að byggja leiguhúsnæði. Án samkeppnishæfs húsnæðis næst ekki markmið Svæðisskipulags um 11.000 íbúa.

D. Heilbrigðis- og velferðarþjónusta

a) Aðgengi að heilbrigðisþjónustu í heimabyggð verði bætt og dregið úr heilsufarslegum ójöfnuði, þar með talið aðgengi að sérfræðiþjónustu og geðheilbrigðisþjónustu.
b) Stutt verði við samstarf sveitarfélaga í velferðarþjónustu og farsæld barna, meðal annars í gegnum Farsældarráð Vestfjarða.
c) *Rökstuðningur:* Svæðisskipulagið bendir á teikn um aukna einsemd og dvínandi hamingju og kallar á aukna áherslu á geðheilbrigði og félagslega virkni. Örugg heilbrigðisþjónusta er grunnforsenda þess að fjölskyldur velji að setjast að á svæðinu.

E. Menning og samfélag – það þarf líka að vera gaman

a) Menningarstarf verði viðurkennt sem hluti af grunninnviðum samfélaga og framlög til menningarmála tryggð meðal annars gegnum Sóknaráætlun Vestfjarða.
b) Stutt verði við vettvang menningar og samveru í öllum byggðakjörnum og við menningu barna og ungmenna, svo sem barnamenningarhátíðina Púkann.
c) Íþrótta-, tómstunda- og félagsstarf verði aðgengilegt öllum, óháð búsetu.
d) Inngilding nýrra íbúa verði efld, meðal annars með íslenskukennslu og samræmdri móttöku.

Rökstuðningur: Kraftmikið menningarlíf, sköpunargleði og þróttur heimafólks er og verður aðdráttarafl Vestfjarða, eins og segir í svæðisskipulaginu. Endurvakning Félags vestfirskra listamanna og fjölmenn ungmennaþing sýna að frumkvæðið er til staðar. Það þarf að hlúa að því.

F. Ákvarðanir í héraði

a. Við fyrirhugaða endurskipulagningu lögreglu verði tryggt að stjórnun, ákvörðunarvald og viðbragðsgeta haldist á Vestfjörðum.
b. Við sameiningu ríkisstofnana verði ætíð metin áhrif á stjórnunarstörf og ákvarðanavald utan höfuðborgarsvæðisins.
c. Fjórðungsþing beinir því til Alþingis að vægi landsbyggðarkjördæma verði ekki skert frekar.

Rökstuðningur: Reynslan af sameiningum stofnana er að æðstu stjórnendur setjist nær undantekningarlaust að á höfuðborgarsvæðinu. Ákvarðanir færast þá fjær þeim sem þær snerta. Saman veikja slíkar breytingar rödd landsbyggðarinnar bæði á Alþingi og innan stjórnkerfisins.

G. Byggðastefna og Sóknaráætlun

a. Í byggðaáætlun verði skýr stuðningur við stærri þjónustukjarna landshluta sem eru fjarri höfuðborgarsvæðinu.
b. Framlög til sóknaráætlana landshluta verði tryggð og fylgi verðlagi.

Rökstuðningur: Framlög til Sóknaráætlana hafa lækka umtalsvert að raungildi síðustu átta ár og nú er útlit fyrir að framlög verði skorin enn meira niður bæði til Sóknaráætlunar og atvinnuráðgjafar. Í hvítbók um byggðaáætlun er annars vegar lögð áhersla á borgarstefnu og hins vegar á veikustu byggðirnar. Um leið og unnið er með veikustu byggðir á Vestfjörðum þá falla byggðakjarnar á Vestfjörðum hér á milli skips og bryggju. Sóknaráætlun og Uppbyggingarsjóður eru sannreyndur farvegur byggðaþróunar og fjárlaganefnd hefur sjálf bent á gott utanumhald landshlutasamtakanna í rekstri þeirra. Og fullyrða má að í þessu samstarfi fái stjórnvöld mikla endurgjöf m.t.t. fjármagns sem sett er í verkefnið auk mótframlaga sveitarfélaga.

Niðurlag

Vestfirðingar hafa unnið heimavinnuna. Sveitarfélögin hafa sameinast um langtímastefnu, atvinnulífið er í sókn og ungt fólk sér framtíð sína á svæðinu. Vegir og raforkumál eru undirstaðan, en menning, heilbrigðisþjónusta, húsnæði og öflugt samfélag ráða því hvort fólk vill búa hér. Vestfirðir geta orðið aflvél vaxtar og verðmætasköpunar til framtíðar ef ríkisvaldið gengur í takt og tryggir þær grunnforsendur sem eru á þess ábyrgð. Í anda Kollabúðafundanna munu Vestfirðingar áfram þybbast við, ýta á og láta eigi kúgast.

Flutningsmaður: Gylfi Ólafsson fyrir hönd stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga